

Velkomin  
í Rangárfing ytra







# Velkomin

Við bjóðum þig og þína velkomna í Rangárþing ytra og vonum svo sannarlega að þið munið njóta ykkar hérna.

Rangárþing ytra er einstakt hérað með mögnuð náttúrugæði bæði á láglandi og hálendi. Hér erum við með fossa, jökla og stórfjót og ekki má gleyma einu frægasta eldfjalli okkar Íslendinga, Heklu. Rangárþing ytra er víðfeðmt sveitarfélag með um 1600 íbúa en við einblínum á að veita íbúum okkar einstaklega góða þjónustu þannig að við getum öll notið þess að búa hér í þessu dásamlega umhverfi.

Hjá Rangárþingi ytra bjóðum við háa sem lága velkomna og tryggjum þjónustu á borð við:

- ✓ Grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla
- ✓ Ýmiskonar félagslíf
- ✓ Námsver
- ✓ Heimgreiðslur
- ✓ Íþróttaiðkun af ýmsum toga
- ✓ Alls kyns viðburði
- ✓ Öldrunarþjónustu
- ✓ Og margt fleira

Njóttu þess að láta lífið leika við þig í Rangárþingi ytra





## *Við veitum þér og þínum þjónustu*

Stærsti þéttbýliskjarni Rangárbings ytra er Hella en aðrir minni þéttbýliskjarnar eru Pykkvibær, Rauðalækur, Laugaland og Gunnarsholt.

### *Hér er hagstætt að búa*

Sveitarfélagið leggur mikinn metnað í að veita íbúum góða þjónustu og að eiga ávallt nægt framboð af íbúðalóðum á góðum kjörum. Til samanburðar eru dæmi þess að íbúðarlóðir á höfuðborgarsvæðinu kosti svipað og heildarbyggingarkostnaður einbýlishúss á Hellu. Gjöld í Rangárbingi ytra eru líka lægri eða svipuð og víðast hvar í sambærilegum sveitarfélögum.

### *Öll þjónusta sem þú þarft*

Góð félagsþjónusta er í sveitarfélaginu og öflugir leik- og grunnskólar. Þá rekur sveitarfélagið sorpstöð og vatnsveitu í samstarfi við önnur sveitarfélög. Í Rangárbingi ytra er að finna allar helstu þjónustustofnanir þéttbýlisins, s.s. heilsugæslu, banka, pósthús, vínbúð, bakarí, apótek, hjúkrunar- og dvalarheimili, veitingastaði, hótél og gistiheimili.

### *Fullt af atvinnutækifærum*

Hér eru öflug atvinnufyrirtæki, þjónustufyrirtæki og stofnanir. Flest stærstu fyrirtækjanna eru tengd landbúnaði og úrvinnslu landbúnaðarafurða. Hjá Landgræðslunni í Gunnarsholti starfa fjölmargir fræðimenn á sviði landgræðslu og landbóta og svo eru starfrækt öflug iðnfyrirtæki s.s. á sviði glervinnslu, kjötvinnslu, við byggingar og málmsmíði á Hellu. Í sveitarfélaginu eru nokkur myndarleg býli sem framleiða hágæða landbúnaðarafurðir.

Lista yfir fyrirtæki og þjónustu má nálgast á vefsíðunni [www.ry.is](http://www.ry.is).

# Fyrir yngri sem eldri kynslóðir

Við leggjum mikið upp úr því að yngri sem eldri kynslóðir fái alla þá þjónustu sem þau þurfa í heimabyggð. Um það bil helmingur útgjalda sveitarfélagsins fer í rekstur leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og margvíslega aðra fræðslustarfsemi. Leik- og grunnskólar eru reknir undir Byggðasamlaginu Odda bs.

## Heimgreiðslur

Hægt er að sækja um heimgreiðslur fyrir foreldra barna á aldrinum 10-24 mánaða sem ekki eru í leikskóla á vegum Odda bs. hvort sem það er vegna plássleysis eða ósk foreldra um að barnið sé fyrst heima við. Heimgreiðslur falla niður þegar barn hefur leikskólagöngu en árið 2020 námu þær 80.000 kr. á mánuði. Sækja þarf sérstaklega um heimgreiðslur á vef Rangárbings ytra - [www.ry.is](http://www.ry.is).

## Leikskólar

Við reukum tvo leikskóla, einn á Hellu og annan í Laugalandi. Heklukot er þriggja deilda leikskóli með um 70 börn en Leikskólinn á Laugalandi er tveggja deilda leikskóli með um 40 börn. Miðast er við að hvert og eitt barn sé stutt og örvað til náms og þroska og lögð er áhersla á að börnin séu hvött til hópstarfs og þau læri að virða hvert annað. Boðið er upp á hollan hádegismat í báðum skólunum.

## Grunnskólar

Við reukum tvo grunnskóla, einn á Hellu og annan á Laugalandi. Báðir hafa metnaðarfulla fræðslustefnu og eru með einstaklingsmiðað nám. Laugalandsskóli er ART vottaður skóli og Grunnskólinn á Hellu leggur áherslu á lýðheilsu, umhverfismál og útikennslu. Skólabílar sjá um að aka nemendum úr dreifbýli til og frá skóla og bjóða skólarnir upp á hollan og góðan mat í mötuneyti.







## Tónlistarskóli Rangæinga

Sveitarfélögin í Rangárvallasýslu reka metnaðarfullan tónlistarskóla með starfsstöðvar á Laugalandi, Hellu og Hvolsvelli. Allir geta skráð sig í nám við Tónlistarskóla Rangæinga, burtséð frá aldri, en í dag er yngsti nemandinn 4 ára og sá elsti 81 árs. Skólinn hefur það að markmiði að nemendur ljúki fullgildum áfangaprófum frá honum hvort sem þeir ætli sér að hafa atvinnu af tónlistinni eða njóta hennar sem lífsfyllingar.

## Námsver

Rangárþing ytra býður íbúum sem stunda nám að loknum grunnskóla aðgang að námsveri án endurgjalds. Aðstaðan er í kjallara Miðjunnar og er hugsuð fyrir fjarnema á háskólastigi og öðrum skólastigum. Aðstaðan var sett upp í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands og Fræðslu-net Suðurlands. Til að sækja um aðgang skal hafa samband við skrifstofu Rangárþings ytra.

## Félags- og skólaþjónusta

Við starfrækjum félags- og skólaþjónustu og erum með starfsstöð á 2. hæð Miðjunnar á Hellu. Þar taka ráðgjafar á mótí einstaklingum, börnum og fjölskyldum sem þurfa á ráðgjöf og/eða aðstoð að halda.

Félagsþjónustan sinnir m.a. félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslegri heimþjónustu, húsnæðismálum, málefnum barna og ungmenna, þjónustu við aldraða og fatlaða. Starfsmenn félagsþjónustunnar sinna einnig forvörnum og veita ráðgjöf vegna áfengis- og vímuefnamála.

Skólaþjónustan sinnir ýmsum greiningum á börnum og ráðgjöf við skóla, kennara og foreldra. Foreldrar geta óskað eftir þjónustu sérfræðinga skólaþjónustunnar í gegnum skóla barns síns eða snúið sér beint til þeirra án milligöngu skólans.

Allar nánari upplýsingar eru á [www.felagsmal.is](http://www.felagsmal.is) og [www.skolamal.is](http://www.skolamal.is).



## Fyrir eldri borgara

Það skiptir okkur miklu máli hjá Rangárþingi ytra að eldri borgarar hafi það sem allra best og fái alla þá þjónustu sem þeir þurfa í heimabyggð.

### Þjónusta heima fyrir

Við veitum góða þjónustu við aldraða í heimahúsum og er lögð áhersla á að aldraðir geti dvalið eins lengi og kostur er í eigin húsnæði. Boðið er upp á heimaþjónustu og heimkeyrslu á matarbökkum.

### Hjúkrunar- og dvalarrými

Á Hellu er hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur. Það er vel búið heimili með 32 hjúkrunarrýmum og tveimur dvalarrýmum. Að auki eru tvö dagvistarrými og sjáum við um akstur eldri borgara til og frá heimilum þeirra.

Vel er búið að heimilisfólki á Lundi. Lögð er áhersla á að heimilisfólk sé í einbýli og geti notið ævikvöldsins. Á Lundi er sjúkrabjálfun, iðjustofa, hár- og fót snyrting auk kapellu. Markmið Lundar er að veita bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu þjónustuna á hverjum tíma og styðja við bakið á einstaklingum þannig að þeir geti haldið sjálfstæði og lífsgleði og verið sem virkastir þátttakendur í samfélaginu.

Áhersla er lögð á að virða einstaklinginn, fyrri venjur hans og siði og að trúnaður, virðing og umhyggja ríki í öllum samskiptum við hann og fjölskyldu hans.







## Blómstrandi félagslíf

Í Rangárþingi ytra er blómlegt félagslíf sem oft er þvert á sýsluna. Hér er öflugt kórastarf fyrir alla aldurshópa, virkt starf í félagi eldri borgara, hjá kvenfélögunum og í lions- og rótarýklúbb. Að auki má nefna handverkshópinn Hugverk í heimabyggð, Odda- og Keldnafélögin sem og störf á vegum Kirkjunnar þ.e. kirkjukórar, sunnudagaskóli og mömmumorgnar á Hellu.

## Viðburðir allan ársins hring

Við látum okkur sko ekki leiðast í Rangárþingi ytra og höldum viðburði allan ársins hring sem laða til sín þátttakendur alls staðar að. Hér má sjá nokkra þeirra en viðburðirnir eru auglýstir á vefsíðunni [www.rv.is](http://www.rv.is).

- ✓ Hellutorfæran er haldin árlega í byrjun maí þar sem um 20 sérútbúnir torfærubílar koma saman ásamt um 5000 áhorfendum.
- ✓ Töðugjöld eru haldin aðra helgi eftir verslunarmannahelgi og er bæjarhátíð svæðisins. Þá er mikið lagt upp úr ýmsum skemmtunum fyrir heimamenn og gesti.
- ✓ Hestamót eru reglulega haldin enda aðstaðan til hestaiðkunar hvergi betri á landinu.
- ✓ Flughátíðin - *Allt sem flýgur* - er haldin á Helluflugvelli og þar fer virkilega allt á loft sem hugsanlega kemst á loft.
- ✓ Tónlistarviðburðir eru margskonar en þar ber sennilega hæst vortónleikar kóranna, Sumar í Odda og ýmsir jólatónleikar.
- ✓ 17. júní er haldinn hátíðlegur víðsvegar um sveitarfélagið.
- ✓ Réttir eru á tveimur stöðum að hausti, í Reyðarvatnsrétt og í Áfangagili. Sauðkindinni er gert hátt undir höfði með litasýningu og á degi sauðkindarinnar og svo mætti lengi telja.







## Íþróttir

Við í Rangárþing ytra erum íþróttarálfar í húð og hár og leggjum metnað í að skapa góða aðstöðu til íþróttaiðkunar. Tvær sundlaugar eru í sveitarfélaginu þ.e. á Hellu og Laugalandi. Íþróttahús eru á Hellu, Laugalandi og í Pykkvabæ og eru fjölbreyttar íþróttir stundaðar allan ársins hring af öllum aldurshópum bæði af frumkvæði ungmenna- og íþróttafélaga sem og einstaklinga.

Upplýsingar um þær íþróttir sem stundaðar eru á hverjum tíma er að finna hjá Íþróttamiðstöðinni á Hellu.



Leikskóli, grunnskóli,  
íþróttahús, sundlaug  
og World Class á Hellu





## Úrgangur og endurvinnsla

Umhverfismál og endurvinnsla skiptir okkur miklu máli hér í Rangárþingi ytra og viljum við að sjálfsögðu leggja okkar að mörkum í þeim málum. Sorpmál í sveitarfélaginu heyra undir Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. Sorp er tekið við öll heimahús og er það flokkað í fjögur ílát. Almennit sorp fer í svart ílát, pappír og pappi í blátt, plast í græna og lífrænt í brúna ílátið.

Íbúar eru hvattir til ytrustu flokkunar á sorpi. Tekið er á móti öllum flokkuðum úrgangi á sorpstöðinni Strönd s.s. timbur, málmar, rafhlöður, raftæki og annað sem ekki er ætlast til að fari með heimilissorpi.



# Náttúruperlur og sögustaðir

Sveitarfélagið okkar er rómað fyrir náttúrufegurð. Fjölmargir staðir hafa mikið aðdráttarafl fyrir jafnt innlenda sem erlenda ferðamenn og má þar m.a. nefna Landmannalaugar, Veiðivötn, Heklu, Álftavatn, Hvanngil, Hrafninnusker, Strút, Ægissíðufoss, Þykkvabæjarfjöru, Árbæjarfoss, Loðmund, Dynk í Þjórsá og Sprengisand.

## Saga og náttúra

Þekktir sögustaðir allt frá Landnámsöld eru í sveitarfélaginu okkar og má þar nefna Odda og Keldur á Rangárvöllum. Elstu manngerðu hellar á Íslandi eru í landi Ægissíðu og lengsti manngerði hellirinn að Hellum í Landsveit. Heimsókn á þessa áhugaverðu staði er einstaklega fræðandi og skemmtileg.

Saga stærsta byggðarkjarnans; Hellu, er ekki mjög löng en þar var þó bóndabær í nokkrar aldir áður en þorpið kom til. Fyrsti einstaklingurinn til að flytja á Hellu án þess að hafa það að markmiði að fara stunda búskap var Þorsteinn Björnsson árið 1927 en þá setti hann á fót verslun sem fékk einmitt nafnið Hella.


## Almenn útivist og ferðapjónusta

Göngu- og reiðleiðir um afrétti sveitarfélagsins eru sívinsælar og þar er gisting möguleg víða s.s. í Áfangagili, Landmannahelli, Landmannalaugum, Hrafninnuskeri, Álftavatni, Hvanngili, Strútsöldum, Krók, Hungurfit og Fossi.

Landmannalaugar og Laugavegurinn laða til sín ferðamenn á hverju ári en að auki er hægt að velja margar aðrar gönguleiðir sem henta jafnt stórum sem smáum. Nánari upplýsingar um útivist og ferðapjónustu í sveitarfélaginu er að finna á vefsíðunni [www.south.is](http://www.south.is).







## Gönguleiðir

Fjöl margar gönguleiðir eru í sveitarfélaginu okkar en hægt er að finna þær á netinu eða hlaða niður Wapp snjallforritinu sem býður upp á ýmsar gönguleiðir á Íslandi.

## Gönguhringur um Hellu

Wapp snjallforritið býður þér upp á gönguhring um Hellu þar sem stoppað er á fyrirfram ákveðnum stöðum og gefnar ýmsar upplýsingar. Áhersla er lögð á sögu Hellu á fyrstu árum þorpsins en leiðin er hringferð sem tekur um einn og hálfan tíma þar sem þú getur notið útivistar og fræðst um Hellu í leiðinni.

## Gönguleið meðfram Ytri Rangá frá Hellu

Rangá er höfuðprýði Hellu og er að hægt að ganga virkilega skemmtilega leið frá Hellu og niður að Ægisíðufossi meðfram ánni. Þessi leið er um 3 km löng en auðvelt er að ganga hana þar sem ágætur göngustígur er alla leið. Virkilega fjölbreytt fuglalíf er meðfram ánni og ef heppnin er með göngufólki má sjá stöku lax stökkva enda er Ytri-Rangá ein gjöfulasta laxveiðiá landsins.











VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ DIG  
Í RANGÁRÞINGI YTRA



www.ry.is  
ry@ry.is  
Sími: 488-7000

